

Ed. 92. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Fyrir „1945—1946“ í 3. másl. 1. málsgr. í 1. gr. laganna komi: 1945—1952.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:
Kostnað við að fullgera orkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar skal greiða af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 52 frá 3. marz 1945 var ríkisstjórninni heimilað að byggja nokkrar raforkuveitur á árunum 1945—46 og að taka allt að 12 millj. kr. lán til þess. Munu raforkuveitur þær, er ákveðnar eru í lögum þessum, nú fullgerðar, nema aðeins línan frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar. Háspennulína er þar komin um það bil hálf leið, eða til Hjalteyrar. Virðist nú vera kominn tími til, að ákvæðum þessara laga og þeim loforðum, sem í þeim felast, sé fullnægt, enda hin mesta þörf á því. Dalvík er með stærstu kaптúnunum landsins. Í Hrísey er allstórt þorp. Á milli Akureyrar og Dalvíkur eru þéttbyggðar sveitir og þrjú þorp. Virðist því auðsætt, að ef raforkuveitur eiga á annað borð rétt á sér hér á landi, þá sé það þarna.

Lögin áttu að framkvæmast á árunum 1945 og 1946, en því er ekki lokið enn. Er þá rétt að ákveða, að það skuli gert á næsta ári.

Í lögunum var ríkisstjórninni heimiluð lántaka til byggingar rafveitnanna. Nú er vitað, að ríkissjóður mun hafa mikinn tekjuafgang á yfirstandandi ári, og virðist því óþarfi að taka lán til að ljúka þeim framkvæmdum, sem eftir eru. Er því hér lagt til, að kostnaðurinn greiðist af tekjuafgangi þessa árs. Er eðlilegt að verja tekjuafganginum að verulegu leyti til að greiða skuldir, en líta má svo á, að hér sé um eins konar skuld að ræða.

Að áliti raforkumálastjóra mun lína sú, sem hér um ræðir, ásamt heimtaugum, kosta um 4.5 millj. kr.